


Leiðbeiningar fyrir söluaðila

# Nýi orkumerki- miðinn



## Leiðbeiningar fyrir söluaðila

Þessar leiðbeiningar eru ekki lagalega bindandi. Beri texta leiðbeininganna ekki saman við texta viðkomandi reglugerða eins og hann er birtur í B-deild Stjórnartíðinda gildir textinn sem birtur er í Stjórnartíðindum.

## Hver er tilgangurinn með og ávinningurinn af nýju orkumerkimiðunum?

Samræmdir orkumerkimiðar hafa stutt neytendur og fagaðila við val á orkunýtnum vörum í meira en 25 ár. Jafnframt hafa þeir verið drifkraftur nýsköpunar og þróunar í átt til orkunýtnari vara. Vegna framboðs og eftirspurnar eftir orkunýtnum vörum hefur orkunotkun minnkað verulega og þar með kostnaður við þær.

Núverandi orkunýtniflokkar, A+++ til G, hafa sífelld minni áhrif. Orkunýtniflokkar með mismunandi fjölda „+“ gefa ekki nægilegar skýrar upplýsingar og nú þegar eru flestar vörur í 2-3 efstu flokkunum. Þetta gerir neytendum erfitt fyrir við að velja orkunýtnustu vörurnar.

Evrópusambandið hefur því endurskoðað og betrubætt merkimiðann til samræmis við þarfir notenda. Nýju merkimiðarnir sem verða sýnilegir í verslunum og í vefverslunum frá 1. mars 2021 munu aðeins sýna orkunýtniflokka A til G.

Eftirfarandi leiðbeiningar eiga að styðja við innleiðingu nýrra orkumerkimiða. Leiðbeiningarnar veita yfirlit yfir helstu þætti en ná ekki til allra þátta sem eru tilgreindir í viðkomandi reglugerðum. Nánari upplýsingar um allar lagalegar kröfur má finna í viðeigandi ESB reglugerð sem má finna aftast í þessum leiðbeiningum.

## Hvaða mikilvægu nýju atriði koma fram á nýju orkumerkimiðunum?

- Nýi merkimiðinn notar samræmda orkunýtniflokka, A til G, fyrir allar vörur. Orkunýtniflokkarnir A+++ / A+ munu hverfa.
- Merkimiðarnir verða tengdir við EPREL-gagnagrunninn með QR-kóða. Gagnagrunnurinn veitir neytendum, söluaðilum og markaðseftiryfirlitsstjórnvöldum viðbótarupplýsingar um allar orkumerktar vörur.

# Hvaða orkumerkimiðar verða endurnýjaðir 2021?

- Þvottavélar
- Þvottavélar með þurrkara
- Uppþvottavélar
- Sjónvörp og rafeindaskjáiir
- Kælitæki
- Ljósgrjafar


Kælitæki sem notuð eru við beina sölu fá einnig nýjan merkimiða en hann verður ekki sýnilegur hinum almenna neytenda.

Vöruflókkar sem eiga að bera að bera orkumerkingar eins og loftræstingar, þurrkarar, ryksugur, vatnshitarar o.fl. munu einnig fá nýja merkimiða eftir því sem viðeigandi reglugerðir taka gildi.

## Hver er helsti munurinn á gamla og nýja merkimiðanum?

- Nýi merkimiðinn notar samræmda orkunýtniflokka, A til G, fyrir allar vörur. Orkunýtniflokkarnir A+++ , A++ og A+ munu hverfa
- Merkimiðinn verður tengdur við EPREL-gagnagrunninn með QR-kóða sem mun auka gagnsæi og auðvelda markaðseftirlit
- Orkunotkun varanna er sýnd á meira áberandi og einsleitari hátt í miðhluta merkimiðans
- Í neðri hluta merkimiðans eru ýmis myndtákn sem skýra tiltekna eiginleika vörunnar. Nokkur þeirra eru eins og á gamla merkimiðanum, sum hafa verið endurgerð og sum eru ný.


# Ísskápur með frysti



## Munur á nýja og gamla merkimiðanum (fyrir utan orkunýtniflokka)

- Mismunandi myndtákn fyrir kælihölf
- Mismunandi myndtákn fyrir hávaðamengun og viðbótarupplýsingar um flokk hávaðamengunar


# Vínkælir



## Munur á nýja og gamla merkimiðanum (fyrir utan orkunýtniflokka)

- Orkunotkun tilgreind sem vegin orkunotkun á hverja 100 þvottalotur
- Nafnafrátt fyrir þvott og þurrkun samanlagt og fyrir þvott
- Vegin vatnsnotkun fyrir þvott og þurrkun samanlagt og fyrir þvott
- Hávaðamengun við þeytivindu að meðtöldum flokki hávaðamengunar
- Lengd kerfa fyrir þvott og þurrkun samanlagt og fyrir þvott


# Uppþvottavélar



## Munur á nýja og gamla merkimiðanum (fyrir utan orkunýtniflokka)

- Orkunotkun tilgreind sem orkunotkun í eco-kerfi á hverja 100 þvottalotur
- Vegin vatnsnotkun á hverja lotu í eco-kerfi
- Lengd eco-kerfis
- Hávaðamengun og flokkur hávaðamengunar


# Þvottavélar



## Munur á nýja og gamla merkimiðanum (fyrir utan orkunýtniflokka)

- Orkunotkun tilgreind sem vegin orkunotkun hverjar 100 þvottalotur
- Nafnafköst fyrir eco 40-60-kerfi
- Vegin vatnsnotkun á hverja þvottalotu
- Lengd eco 40-60-kerfisins
- Mismunandi myndtákn fyrir hávaðamengun og viðbótarupplýsingar um flokk hávaðamengunar

# Þvottavélar með þurrkara




## Munur á nýja og gamla merkimiðanum (fyrir utan orkunýtniflokka)

- Orkunotkun tilgreind sem vegin orkunotkun á hverja 100 þvottalotur
- Nafnaköst fyrir þvott og þurrkun samanlagt og fyrir þvott
- Vegin vatnsnotkun fyrir þvott og þurrkun samanlagt og fyrir þvott
- Hávaðamengun við þeytivindu að meðtöldum flokki hávaðamengunar
- Lengd kerfa fyrir þvott og þurrkun samanlagt og fyrir þvott




# Sjónvörp og rafeindaskjái



## Munur á nýja og gamla merkimiðanum (fyrir utan orkunýtniflokka)

- Orkunotkun tilgreind á hverjar 1000 klukkustundir
- Orkunotkun tilgreind á hverjar 1000 klukkustundir í HDR
- Afl (W) ekki tilgreint
- Ekki lengur táknmynd fyrir rofa
- Lárétt og lóðrétt upplausn myndenda tilgreind

# Ljósgjafar



## Munur á nýja og gamla merkimiðanum (fyrir utan orkunýtniflokka)

- Enginn munur á upplýsingum á nýja og gamla merkimiðanum, fyrir utan orkunýtniflokka.

# Hvað annað þarf að hafa í huga fyrir nýju orkumerkimiðana?

## Orkunýtniflokkar

- Það verða engar vörur í flokki A til að byrja með. Það hvetur til þróunar í átt til betri orkunýtni.
- Þær vörur sem eru í hæsta orkunýtniflokki, A+++, munu verða í orkunýtniflokki B eða C breytinguna.

## Myndtákn

- Meirihluti myndtáknanna sem voru á gamla merkimiðanum verður einnig notuð í nýju útgáfunni. Sumum hefur þó verið breytt lítillega og nokkur ný kynnt til sögunnar.

## EPREL-gagnagrunnurinn og QR-kóði

Lögum samkvæmt eiga allar orkumerktar vörur að vera skráðar í EPREL-gagnagrunninn (setja kannski línk hér á hann af heimasíðinni) af framleiðendum/birgðasölum. Gagnagrunnurinn veitir upplýsingar um vörur til viðbótar þeim sem koma fram á orkumerkimiðum, honum er skipt í tvo hluta:

- **Hluti fyrir markaðseftirlit:** Þessi hluti er aðeins aðgengilegur markaðseftirlitsstjórnvöldum. Gögnin sem hér eru vistuð eru fyrst og fremst til að styðja við og auðvelda markaðseftirlit.
- **Hluti fyrir neytendur, innkaupastjóra, söluaðila og aðra notendur:** Þar til í mars 2021 verða í honum upplýsingar sem tengjast gamla (núverandi) merkimiðanum. Upplýsingar í samræmi við nýja merkimiðann verða aðgengileg frá og með mars 2021.

Upplýsingar í EPREL-gagnagrunninum verða aðgengilegar beint í gegnum vefsíðu ESB og með QR-kóða sem er á orkumerkimiðanum. Hugbúnaður, þróaður af óháðum aðilum, mun gera kleift að bera saman vöruupplýsingar og kostnaðarútreikninga.

# Hvenær afhenda framleiðendur/birgðasalar nýju orkumerkimiðana og hvenær þurfa þeir að vera sýnilegir í verzlunum og í vefverzlunum?

## Heimilistæki, sjónvörp og rafeindaskjái

Vörur á markaði fyrir og eftir 1. nóvember 2020 og verða áfram settar á markað eftir þá dagsetningu

### Á 4 mánaða aðlögunartímabili frá 1. nóvember 2020 til 28. febrúar 2021:

- Birgðasalar skulu endurskrá í EPREL-gagnagrunninn vöru sem fær nýjan orkumerkimiða, m.t.t. nýrrar reglugerðar
- Birgðasalar skulu láta fylgja bæði gamla og nýja merkimiða, ásamt viðeigandi vöruupplýsingablöðum með nýjum eintökum vörunnar
- Birgðasalar skulu útvega nýja merkimiða fyrir vörur á lager, óski söluaðilar þess

### 1.-18. mars 2021:

- Skipta skal út gömlu orkumerkimiðunum fyrir þá nýju.
- Sérstakar kröfur varðandi sjónvörp og rafeindaskjái: Birgðasali skal prenta orkumerkimiðann á umbúðir eða líma hann, í lit, á þær. Sé vörutegund aðeins sýnd í umbúðum (ekki tekin úr umbúðum til sýnis) verður söluaðili að sjá til þess að orkumerkimiðinn sé sýnilegur neytendum, þ.e.a.s. að sú hlið umbúða sem sýnir merkimiðann sé sýnileg.
- Sérstakar kröfur varðandi fjar- og vefsölu: Ör með orkunýtniflokki og svið orkunýtniflokka skal vera sýnilegt næst vöru þegar um er að ræða vöruupplýsingar á vef. Vöruupplýsingablaðið skal vera aðgengilegt neytendum á pappír eða á vef birgðasala.

# Nýjar vörur settar á markað frá 1. nóvember 2020 en ekki seldar endanlegum notendum fyrr en eftir 1. mars 2021

## Frá og með 1. nóvember 2020:

- Birgðasalar skulu eingöngu skrá vöru í EPREL-gagnagrunninn á grundvelli nýju reglugerðarinnar og skulu útvega söluaðilum nýja orkumerkimiðann og viðeigandi vöruupplýsingablað.

## Frá og með 1. mars 2021:

- Nýjar vörur með nýju orkumerkimiðunum eru til sýnis í verslunum og í vefverslunum
- Ef um fjar- eða vefsölu er að ræða, sjá viðbótarkröfur sem tilgreindar eru hér að ofan

Fyrir sjónvörp og rafeindaskjái, sjá viðbótarkröfur sem tilgreindar eru hér að ofan

Vörur á markaði fyrir 1. nóvember 2020 en ekki settar á markað eftir þá dagsetningu eða ef birgðasali hefur hætt starfsemi.

# Vörur á markaði fyrir 1. nóvember 2020 en ekki settar á markað eftir þá dagsetningu eða ef birgðasali hefur hætt starfsemi

## 1. mars 2021 til 30.nóvember 2021:

- Selja má vörur með gamla merkimiðanum á þessu 9 mánaða aðlögunartímabili
- Birgðasalar afhenda ekki nýjar upplýsingar

## Frá og með 1. desember 2021:

- Ekki má lengur selja vörur með gömlu orkumerkimiðunum

# Vörur á markaði fyrir og eftir 1. nóvember 2020 og verða áfram settar á markað eftir þá dagsetningu

## Frá 01.11.2020 til 28.2.2021

### 4 mánaða aðlögunartímabil

- Birgðasalar skulu endurskrá í EPREL-gagnagrunninn vöru sem fær nýjan orkumerkimiða, m.t.t. nýrrar reglugerðar.
- Birgðasalar skulu láta fylgja bæði gamla og nýja merkimiða, ásamt viðeigandi vöruupplýsingablöðum með nýjum eintökum vörunnar.
- Birgðasalar skulu útvega nýja merkimiða fyrir vörur á lager, óski söluaðilar þess.

## Frá 01.03.2021 til 18.03.2021

### Skipt um merkimiða í verslunum og vefverslunum

- Skipta skal út gömlu orkumerkimiðunum fyrir þá nýju innan 14 virkra daga.
- Varðandi fjar- og vefsölu, sjá viðbótarkröfur á næstu síðu<sup>1</sup>.
- Fyrir rafeindaskjái, sjá viðbótarkröfur á næstu síðu<sup>2</sup>.

# Nýjar vörur settar á markað frá 1. nóvember 2020 en ekki seldar endanlegum notendum fyrir en eftir 1. mars 2021

## Frá og með 01.11.2020

### Nýr orkumerkimiði og vöruupplýsingablað látið í té

- Birgðasalar skrá eingöngu vöru í EPREL-gagnagrunninn á grundvelli nýju reglugerðarinnar.
- Birgðasalar útvega söluaðilum nýja orkumerkimiðann og viðeigandi vöruupplýsingablað.

## Frá 01.03.2021

### Nýjar vörur með nýjum orkumerkimiða verslunum og vefverslunum

- Ef um fjar- eða vefsölu er að ræða, sjá viðbótarkröfur á næstu síðu<sup>1</sup>.
- Fyrir sjónvörp og rafeindaskjái, sjá viðbótarkröfur á næstu síðu<sup>2</sup>.

# Vörur á markaði fyrir 1. nóvember 2020 en ekki settar á markað eftir þá dagsetningu eða ef birgðasali hefur hætt starfsemi

## Frá 01.03.2021 til 30.11.2021

Vörur í verslunum og vefverslunum hverfa

- Birgðasalar afhenda ekki nýjar upplýsingar.
- Selja má vörur með gamla merkimiðanum á þessu 9 mánaða aðlögunartímabili.



## Frá 01.03.2021

Vörur sem bera gamla miðann fjarlægðar

- Ekki má lengur selja vörur með gömlu orkumerkimiðunum.

## Viðbótarkröfur

### <sup>1</sup> Ef um fjarsölu eða vefsölu er um að ræða:

Ör með orkunýtniflokki vöru og svið orkunýtniflokka skal vera sýnilegt næst vöru þegar um er að ræða vöruupplýsingar á vef. Vöruupplýsingablaðið skal vera aðgengilegt neytendum á pappír eða á vef birgðasala. Ítarlegri kröfur varðandi útfærslu merkimiðans fyrir fjar- og vefsölu eru umfangsmiklar og verða teknar úr viðeigandi reglugerðum.

### <sup>2</sup> Sérstakar kröfur varðandi sjónvörp og rafeindaskjái:

Birgðasali skal prenta orkumerkimiðann á umbúðir eða líma hann, í lit, á þær.

Sé vörutegund aðeins sýnd í umbúðum (ekki tekin úr umbúðum til sýnis) verður söluaðili að sjá til þess að orkumerkimiðinn sé sýnilegur neytendum, þ.e.a.s. að sú hlið umbúða sem sýnir merkimiðann sé sýnileg.

## Ljósgrjafar

**Hvenær afhenda framleiðendur/birgðasalar nýju orkumerkimiðana og hvenær þurfa þeir að vera sýnilegir í verslunum og í vefverslunum?**

### **Ljósgrjafar settir á markað eftir 1. september 2021**

Settir á markað frá 01.05.2021:

- Birgðasalar skulu skrá ljósgrjafa í EPREL-gagnagrunninn, m.t.t. nýrrar reglugerðar og sýna nýja orkumerkimiðann á umbúðum.
- Birgðasalar skulu útvega söluaðilum rafrænt vöruupplýsingablað. Söluaðilar geta einnig óskað eftir vöruupplýsingablaðinu á prentuðu formi.

Frá 01.09.2021:

- Söluaðilar skulu sýna nýjar vörur með nýja orkumerkimiðanum á umbúðum, í verslunum og í vefverslunum.

### **Ljósgrjafar settir á markað fyrir 1. september 2021**

Frá og með 01.05.2021:

- Birgðasalar skulu endurskrá í EPREL-gagnagrunninn vöru sem fær nýjan orkumerkimiða, m.t.t. nýrrar reglugerðar um ljósgrjafa, ásamt nýjum orkumerkimiða og viðeigandi vöruupplýsingablaði.

18 mánaða aðlögunartímabil frá 01.09.2021 til 28.02.2023:

- Vörur sem settar eru á markað fyrir 01.09.2021 má selja með gamla orkumerkimiðanum
- Birgðasalar skulu afhenda söluaðilum límmiða með nýja orkumerkimiðanum og viðeigandi vöruupplýsingablað fyrir vörur á lager, óski söluaðilar þess

Frá og með 01.03.2023:

- Gamlir orkumerkimiðar á umbúðum eða vöru skulu huldur með límmiða af sömu stærð með nýja orkumerkimiðanum
- Nýtt vöruupplýsingablað skal látið í té



# Ljósgjafar settir á markað frá 1. september 2021

## Settir á markað frá 01.05.2021

Vöruupplýsingar látnar söluaðilum í té og skráðar í EPREL-gagnagrunninn

- Birgðasalar skulu endurskrá í EPREL-gagnagrunninn vöru, mt.t. nýrrar reglugerðar um ljósgjafa, ásamt því að útvega nýja orkumerkimiða á umbúðir.
- Birgðasalar skulu afhenda söluaðilum viðeigandi vöruupplýsingablað á rafrænu formi. Söluaðilar geta einnig óskað eftir því á prentuðu formi.

## Frá 01.09.2021

Nýjar vörur með nýjum orkumerkimiða á umbúðum í verslunum og vefverslunum

- Ef um fjar- og vefsölu er að ræða, sjá viðbótarkröfur hér að ofan<sup>1</sup>.

# Ljósgjafar settir á markað fyrir 1. september 2021

## Frá 01.05.2021

Birgðasalar skrá vöruupplýsingar í EPREL-gagnagrunninn

- Birgðasalar skulu endurskrá í EPREL-gagnagrunninn vöru sem fær nýjan orkumerkimiða, m.t.t. nýrrar reglugerðar um ljósgjafa, ásamt nýjum orkumerkimiða og viðeigandi vöruupplýsingablaði.

## Frá 01.09.2021 til 28.02.2023

18 mánaða aðlögunartímabil þar sem mögulegt er að sýna gamla orkumerkimiðann á umbúðum

- Vörur settar á markað fyrir 01.09.2021 má selja með gamla orkumerkimiðanum.
- Birgðasalar skulu, að ósk söluaðila, útvega þeim límmiða með nýja orkumerkimiðanum og viðeigandi vöruupplýsingablað fyrir vörur á lager.

## Frá 01.03.2023

- Allar vörur með nýjum orkumerkimiðum
- Gamlir orkumerkimiðar á umbúðum eða vöru skulu huldur með límmiða af sömu stærð með nýja orkumerkimiðanum.
- Nýtt vöruupplýsingablað skal vera aðgengilegt.

## Hvað annað þarf að hafa í huga?

- Kröfur um staðsetningu nýju orkumerkimiðanna eru þær sömu og fyrir þá gömlu.
- Á tímabilinu fyrir 1. til 18. mars 2021 þarf að skipta gömlu merkimiðunum út. Nýju merkimiðarnir mega ekki vera til sýnis í verslunum eða vefverslunum fyrir 1. mars 2021.
- Skipta þarf um orkumerkimiða á sama tíma í vefverslunum.
- Auglýsingar sem sýna nýja kvarðann má ekki birta fyrr en viðkomandi reglugerðir taka gildi (1. mars eða 1. september 2021). Hægt er að gera vörulista en ekki má dreifa þeim fyrir þessar dagsetningar. Sama gildir um auglýsingar á vefnum.
- Söluaðilar þurfa að sýna nýja merkimiðann í verslunum og vefverslunum frá þeim degi sem reglurnar taka gildi. Ekki er krafist breytinga á innihaldi umbúða vara á lager. Því þarf ekki að skipta út gömlum merkimiðum og vöruupplýsingablöðum í umbúðum.
- Þegar um ljósgjafa er að ræða skal söluaðili, á tímabilinu 1. september 2021 til 28. febrúar 2023 hylja gamla orkumerkimiðann á umbúðum eða vöru með límmiða af sömu stærð með nýja orkumerkimiðanum.
- Söluaðilar munu geta hlaðið niður upplýsingum úr EPREL-gagnagrunninum þegar nýju orkumerkingarnar hafa tekið gildi.

# Reglugerðir

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. Júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB

[Hlekkur á reglugerð](#)

## **Sjónvörp og rafeindaskjáir**

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2013 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar rafeindaskjáa og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010

[Hlekkur á reglugerð](#)

## **Þvottavélar og þvottavélar með þurrkara**

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2014 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota og þvottavéla með þurrkara til heimilisnota og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EB

[Hlekkur á reglugerð](#)

## **Ljósjafar**

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2015 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar ljósjafa og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012.

[Hlekkur á reglugerð](#)

## **Ísskápar og frystar**

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2016 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar kælitækja og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010

[Hlekkur á reglugerð](#)

## **Uppþvottavélar**

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2017 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010

[Hlekkur á reglugerð](#)

## **Kælitæki sem notuð eru við beina sölu**

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2018 frá 11. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 að því er varðar orkumerkingar kælitækja sem eru notuð við beina sölu

[Hlekkur á reglugerð](#)

